

Greiðslukerfi – ný viðmið

Allt frá því að Lamfalussy-skýrslan kom út 1990 hafa svokölluð Lamfalussy-skilyrði² verið almennt viðurkenndur staðall fyrir greiðslujöfnunarkerfi. Lamfalussy-skilyrðin voru upphaflega lágmarksskilyrði fyrir fjöhlíða-, millilanda- og fjölmyntagreiðslujöfnunarkerfi en þau hafa hins vegar verið notuð sem viðmiðun við hönnun og rekstur flestra greiðslujöfnunarkerfa óháð því hvort þau eru fjöhlíða-, millilanda- eða fjölmyntakerfi. Hins vegar hafa ekki verið til samsvarandi viðmið fyrir annars konar greiðslukerfi, t.d. rauntímagreiðslukerfi eða blönduð greiðslukerfi. Það hefur einnig vafist fyrir mörgum hvernig skilgreina eigi hlutverk og afskipti, t.d. seðlabanka eða annarra eftirlitsaðila af greiðslukerfum. Það var því tímabært framtak hjá Alþjóðagreiðslubankanum (Bank for International Settlements) að setja fram ný viðmið sem ekki aðeins náðu til greiðslujöfnunarkerfa, heldur greiðslukerfa almennt. Afurðin er nú að líta dagsins ljós og hafa „Kjarnareglurnar 10“ (10 Core Principles) verið til umsagnar hjá ýmsum aðilum um nokkurt skeið. Allar líkur eru á að þessari vinnu ljúki um næstu áramót og þá þurfa rekstraradilar greiðslukerfa og seðlabankar víða um heim að hefja mat á því hvort þeirra kerfi uppfylli þessar reglur og bæta úr því sem á vantar. Þessar reglur ná þó aðeins til „kerfislega mikilvægra“ greiðslukerfa. Þótt töluverð skörun sé á kjarnareglunum og Lamfalussy-skilyrðunum er þó verulegur munur á í nokkrum atriðum. Ætlast er til að kerfislega mikilvæg greiðslukerfi uppfylli þau skilyrði sem sett eru í reglunum innan „eðlilegs tíma“.

Ný sjónarmið

Nokkrir þættir grundvallarreglnanna eru athyglisverðir, m.a. vegna þess að þar gætir nýrrar hugsunar hjá seðlabönkum sem undirstrikar að nokkru þær breytingar sem orðið hafa á hlutverki þeirra og almennum viðhorfum til greiðslukerfa. Kjarnareglurnar eru því sem næst hlutlausar m.t.t. ólíkra tegunda greiðslukerfa en þróunin síðustu ár hefur fremur verið í átt til rauntímagreiðslukerfa sem seðlabankar einstakra landa eiga og reka og hafa skoðanir þeirra litast nokkuð af þessu. Lögð er áhersla á hagkvæmni greiðslukerfa og þar með er gefið undir fótinn með ólíkar lausnir eftir því hversu þróaður fjármálamark-

aður er í hverju landi. Kjarnareglunum er ætlað að vera beitt á vanþróuðum fjármálamörkuðum jafnt sem þróuðum og því eru þær í raun algjört lágmark sem allir ættu að geta verið sáttir við. Megináherslan í kjarnareglunum er að vönduð vinnubrögð og traust umhverfi greiðslumiðlunar séu líkleg til að draga úr hættunni á kerfisbrestum.

„Kerfislega mikilvæg“ greiðslukerfi

Eitt af þeim verkefnum sem bíða seðlabanka og annarra sem nærri greiðslukerfum koma er að skera úr um hvaða greiðslukerfi eru „kerfislega mikilvæg“ (Systemically Important Payment System). Í mörgum löndum eru starfrækt nokkur greiðslukerfi og sum eru mikilvægari en önnur, sérstaklega þegar litið er til kerfisáhættu. Almennt séð er „kerfislegt mikilvægi“ metið út frá því hvort líkur séu á að greiðslu-

1. Höfundur er framkvæmdastjóri peningamálasviðs Seðlabanka Íslands.
2. Sjá: Tómas Örn Kristinsson, Greiðslumiðlun – þróun og staða, *Peningamál* 2000/1.

kerfið geti hleypt af stað eða miðlað áfram kerfis-
óreglu sem geti haft veruleg áhrif á allt fjármálakerf-
ið. Þannig eru greiðslukerfi sem annast stórar milli-
bankafærslur mun viðkvæmari út frá sjónarhóli
kerfisáhættu en smágreiðslukerfi þar sem litlu máli
skiptir frá sjónarhóli heildaráhættu þótt stöku
greiðslur misfarist eða tefjist. Greiðslukerfi sem ann-
ast uppgjör annarra greiðslukerfa, t.d. greiðslujöfn-
unarkerfa, eru almennt álitin „kerfislega mikilvæg“,
jafnvel þótt fjöldi greiðslna sé ekki mikill. Eðli
greiðslnanna getur þannig einnig skipt máli. Smá-
greiðslukerfi, sem jafnframt er eina greiðslukerfið í
tilteknu landi, er að sjálfsögðu mikilvægt, ekki endi-
lega vegna eðlis greiðslna eða fjárhæða, heldur
vegna mikilvægis þess í fjármálakerfinu. Spurningar
hafa vaknað um það hvort uppgjörskerfi vegna verð-
bréfavíðskipta falli undir skilgreininguna um mikil-
væg greiðslukerfi og er svarið háð því hvort fjárhags-
legt uppgjör fer fram í þessum kerfum eða ekki. Ef
fjárhagslegt uppgjör fer fram í kerfinu er það í flest-
um tilvikum talið í flokki „kerfislega mikilvægra“
greiðslukerfa.

Kjarnareglurnar 10

Megináherslan er sem fyrr sagði á vönduð vinnu-
brögð og traust umhverfi greiðslumiðlunar og fer hér
á eftir umfjöllun um nokkur atriði sem snerta hverja
af hinum tíu kjarnareglum. Hægt er að nálgast
greinargerð um kjarnareglurnar 10 og útfærslu þeirra
á heimasíðu BIS: <http://www.bis.org>. Kjarnareglurnar
10 ásamt útskýringum á ábyrgðarsviði seðlabanka
eru einnig í sérstökum ramma með greininni.

1. Traustur lagalegur grunnur

Það er engin tilviljun að traustur lagalegur grunnur
er fyrsta boðorðið í þessum bálki. Ef lagalegur
grunnur er ótraustur eða álitinn ótraustur geta
ráðstafanir, sem til á að grípa ef einhver aðili að
greiðslukerfi bregst, fallið um sjálfar sig á ögur-
stund og allt fjármálakerfið gæti ríðað til falls.
Það er því mikilvægt að lagalegt umhverfi sé
geirnegt eins og hægt er. Það er að mörgu að
huga, t.d. þarf að skoða lög og reglur greiðslu-
kerfisins sjálfs, lög sem fjalla um gjaldþrot og
meðferð þrotabúa, lög um samninga, lög um
ábyrgðir, lög um fjármálastofnanir, samninga
þátttakenda við greiðslukerfið og síðan þarf að

skoða þetta allt í samhengi. Jafnvel þótt laga-
grunnurinn sé talinn traustur er ekki þar með sagt
að ekki geti komið upp ófyrirséð vandamál þegar
í harðbakkann slær. Til dæmis getur komið upp á
versta tíma að ekki sé hægt að framfylgja tiltekn-
um aðgerðum á þann hátt sem búist var við. Því
er mikilvægt að þessi mál séu könnuð rækilega
fyrirfram og sérfróðir menn látnir yfirfara laga-
lega stöðu og benda á veikleika sem kunna að
vera til staðar. Auðvitað má segja sem svo að ekki
verður vitað fyrir en eftir á hvornig lagalegur
grunnur stenst í raunveruleikanum en vandaður
undirbúningur er líklegur til að skila sér með því
að færri óvænt atriði komi upp á borðið þegar á
reynir.

2. Skilningur á áhættu

„Ef þú veist ekki hvert þú ert að fara er ólíklegt
að þú komist þangað.“ Það sama á við um áhættu
í greiðslukerfum. Ef ekki er til staðar fullnægj-
andi skilningur á áhættu er líklegt að rangar
ákvæðanir verði teknar og að skellurinn geti orð-
ið þeim mun verri. Mælt er með því að reglur séu
skýrt orðaðar og einfaldar og að gefnar séu út
skýringar og leiðbeiningar til að aðilar að
greiðslukerfum átti sig á þeirri áhættu sem að
þeim snýr. Einnig er nauðsynlegt að rekstraraðili
sé vel meðvitaður um áhættu, bæði sína og ekki
síður annarra þátttakenda. Nauðsynlegt er að við-
halda þeim upplýsingum sem til eru og einnig
gæti verið viðeigandi að halda reglulegar kyn-
ningar á þessu sviði. Eitt af hlutverkum rekstrar-
aðila greiðslukerfis ætti að vera að sjá til þess að
til sé greinargott kynningarefni. Einnig gæti verið
gagnlegt að prófa með einhverjum hætti skilning
þátttakenda á áhættunni í greiðslukerfinu.

3. Stýring áhættu

Nauðsynlegt er að vinnubrögð séu markviss og
taki tillit til þeirra atburða sem kunna að koma
upp í greiðslukerfum. Þátttakendur þurfa einnig
að skoða vel og stýra þeirri áhættu sem snýr að
þeim sjálfum. Hugsanlegt er að hægt sé að stýra
áhættu að einhverju leyti með reglum um aðgengi
en þær verða þá að vera í samræmi við 9. kjarna-
regluna. Mælt er með því að hægt sé að setja
hámark á eigna-/skuldastöðu gagnvart öðrum
þátttakendum. Þannig geta þátttakendur t.d. sjálf-

ir umbunað öðrum þátttakendum sem vitað er að standa vel að stýringu sinnar áhættu. Einnig er hægt að setja upp tapsdeilingaráætlun, þar sem tekið er á því hvernig skuli deila út tapi ef tjón verður í greiðslukerfinu, þar er einnig hugsanlega hægt að koma við umbun fyrir skilvirk vinnubrögð. Í greiðslujöfnunarkerfum er stundum gert ráð fyrir að hægt sé að rekja ofan af greiðslujöfnuninni með því að taka út greiðslur til og frá þeim þátttakanda sem bregst. Ekki er mælt með þessari aðferð þar sem hún kann að leiða til mjög handahófskenndra áhrifa á aðra þátttakendur, auk þess sem aðferðin kann að reynast tímaflek og gæti þannig tafið fyrir lokauppgjöri og enduropnun greiðslukerfis.

4. *Tímanlegt lokauppgjör samdægurs*

Það er talin lágmarkskrafa að endanlegt uppgjör milli aðila að greiðslukerfum fari fram fyrir lok viðskiptadags. Þetta er eðlileg krafa þar sem helsta alþjóðlega tímaeining fjármálakerfa hinna ólíku landa er dagur og miðast flestir mikilvægir þættir við þá einingu, t.d. vextir. Hver dagur á sem sagt að geta hafist á „hreinu borði“, þ.e. öllum aðilum á að vera kunnug staða sín og jafnframt eiga aðilar að hafa sínar eignir í höndunum. Ekki er talið ásættanlegt að gera uppgjör daginn eftir en vaxtafæra jafnframt miðað við að uppgjöri hafi lokið samdægurs. Þó er talið hugsanlegt að vikið sé frá þessari reglu í undantekningartilvikum ef fyrir liggur óyggjandi trygging, t.d. frá seðlabanka, um að uppgjör fari fram óháð greiðslugetu þátttakenda. Mælt er með því að uppgjör í greiðslujöfnunarkerfum fari fram oftast en einu sinni á dag og helst ætti lokauppgjör að fara fram á eðlilegum afgreiðslutíma fjármálastofnana.

5. *Greiðslujöfnunarkerfi ljúki uppgjöri þótt á mótí blási*

Það er talin lágmarkskrafa að hægt sé að ljúka uppgjöri þótt sá aðili sem hefur stærstu neikvæðu jöfnunarstöðu sé ófær um greiðslu. Þessi kjarna-regla er tekin nánast óbreytt upp úr Lamfalussy-skilyrðunum. Í einhverjum löndum er þess krafist að hægt sé að ljúka uppgjöri þótt tveir eða jafnvel þrír stærstu aðilar séu ófærir um greiðslu. Til að uppfylla þessar kröfur er hægt að búa til trygg-

ingu sem felst í því að þátttakendur leggja fram reiðufé, kröfur á seðlabanka eða auðseljanleg verðbréf sem tryggingu fyrir uppgjöri. Nauðsynlegt er að meta verðgildi verðbréfa a.m.k. einu sinni á dag og einnig getur verið eðlilegt að verðgildi þeirra sé ekki talið að fullu í mati á tryggingu („haircut“).

6. *Kröfur á seðlabanka*

Til að lágmarka fjárhagslega áhættu í uppgjöri er gerð krafa um að notaðar séu eignir sem eiga að vera „áhættulausar“. Einnig skiptir verulegu máli að þessar eignir séu auðseljanlegar („liquid“). Til eru greiðslukerfi þar sem uppgjör fer fram í þrepum eða áföngum. Þannig er ein stofnun aðili að greiðslukerfi fyrir hönd nokkurra annarra. Undirstofnanirnar gera upp við sína stofnun sem síðan kemur fram sem einn aðili gagnvart greiðslukerfinu. Þetta fyrirkomulag er til staðar hér á landi, en Sparisjóðabanki Íslands hf. er aðili að greiðslujöfnunarkerfi Fjölgreiðslumiðlunar hf. fyrir hönd allra sparisjóða landsins að SPRON undanskildum. Þetta fyrirkomulag getur aukið áhættu í greiðslukerfinu þar sem uppgjör á öðru þrepi/lagi fer ekki endilega fram í „áhættulausum“ og auðlosanlegum eignum.

7. *Öryggi*

Það þarf vart að eyða mörgum orðum að því hversu mikilvægt rekstraröryggi greiðslukerfa er. Fyrir utan þann trúnaðarrest sem verður þegar kerfi bregðast vegna rekstrartruflana eða öryggisbrotalama getur fjárhagslegur skaði orðið verulegur.

8. *Hagnýtt og hagkvæmt*

Það er athyglisvert að til þess er ætlast að seðlabankar heimsins taki mið af því hversu hagnýt þjónusta greiðslukerfa er og taki tillit til hagkvæmni þjónustunnar. Seðlabankar hafa gjarnan litið svo á að þeirra sé að gera kröfur um fyrirkomulag greiðslukerfa og síðan eiga aðrir að framkvæma óháð því hversu hagnýtt slíkt er fyrir þá eða hagkvæmt að öðru leyti. Nú er seðlabönkum ætlað að taka tillit til ofangreindra þátta auk þess sem samkeppnissjónarmið skipta nú meira máli en áður.

Kjarnareglurnar 10 fyrir „kerfislega mikilvæg“ greiðslukerfi

- I. Greiðslukerfi eiga að byggjast á traustum lagalegum grunni í öllum þeim lögsögum sem þau starfa í.
- II. Reglur og aðferðir eiga að gera þátttakendum kleift að skilja til fullnustu áhrif greiðslukerfisins á sérhverja fjárhagslega áhættu sem verður til vegna þátttöku í kerfinu.
- III. Í greiðslukerfinu eiga að vera skýrar aðferðir vegna stýringar á greiðslufallsáhættu og lausaffjár-áhættu sem eiga að tilgreina ábyrgðarsvið rekstrar- aðila kerfisins og þátttakenda og hvetja þá með viðeigandi hætti til að stýra og halda þessum teg- undum áhættu í skefjum.
- IV.* Greiðslukerfi ætti að tryggja tímanlegt lokauppgjör samdægurs, helst á eðlilegum afgreiðslutíma en að lágmarki í lok dags.
- V.* Fjöhlíða greiðslujöfnunarkerfi eiga að lágmarki að geta tryggt með tímanlegum hætti lok daglegs uppgjörs þótt sá aðili sem hefur stærstu neikvæðu greiðslustöðuna sé ófær um greiðslu.
- VI. Eignir sem notaðar eru til uppgjörs ættu helst að vera í formi kröfu á seðlabanka; ef aðrar eignir eru notaðar ætti greiðslufallsáhætta þeirra að vera lítil sem engin og einnig ætti lausaffjárhætta að vera lítil sem engin.
- VII. Greiðslukerfi eiga að tryggja að öryggi og áreiðan- leiki rekstrar sé ávallt mikill og til ættu að vera varaleiðir/aðferðir sem hægt er að grípa til við að ljúka daglegri vinnslu.
- VIII. Greiðslukerfi eiga að veita greiðslumiðlunar- þjónustu sem er hagnýt og hagkvæm fyrir notendur.
- IX. Greiðslukerfi eiga að hafa hlutlægar og opinberar aðgangsreglur sem leyfa jafnan og óhindraðan aðgang.
- X. Stjórnunar aðferðir greiðslukerfis eiga að vera skil- virkar, ábyrgar og sýnilegar.

* Greiðslukerfi ættu að reyna að ganga lengra en þau lágmark sem fram eru sett í þessum liðum.

9. Jafnræði

Þessi regla er sótt úr Lamfalussy-skilyrðunum og kveður svo á að aðilar að greiðslukerfum skulu njóta jafnræðis um aðgengi. Þrátt fyrir þetta er hægt að gera ýmsar kröfur til þátttakenda en skil- yrið er að jafnræðis sé gætt.

10. Eðlilegir stjórnunarhættir

Það skiptir verulegu máli fyrir efnahagskerfið að stjórnunarhættir greiðslukerfa séu með þeim brag að sæmandi sé. Vegna mikilvægis greiðslukerfis- ins og þeirra hagsmuna sem því tengjast er eðli- legt að gera kröfur um hagkvæmni stjórnunar, ábyrgð þeirra sem stýra og sýnileika til að hægt sé að meta gjörðir þeirra.

Leiðbeiningar fyrir seðlabanka

Með þessum nýju reglum fylgja einnig „leiðbeiningar“ um það hvernig seðlabankar eigi að móta starf- semi og tilsjón með greiðslukerfum. Þar er lögð

höfuðáhersla á að seðlabanki skilgreini vel hlutverk sitt og birti opinberlega stefnu sína. Einnig er lögð áhersla á að seðlabankar gæti þess að eigin greiðslu- kerfi starfi í samræmi við kjarnareglurnar 10. Ekki er víst að seðlabanki fari með eftirlit með greiðslukerf- um en í allmörgum löndum hafa seðlabankar það hlutverk að hafa einhvers konar tilsjón með greiðslu- kerfum. Þetta tilsjónarhlutverk er oft hluti af því að seðlabönkum er þá falið að fylgjast með fjármála- stöðugleika.

Staðan hér á landi

Þótt ef til vill sé fullsnemmt að gera úttekt á því hvernig greiðslukerfi hér á landi standist kjarnaregl- urnar 10 skal hér reynt að stikla á stóru í þessu efni og tína til verk sem hafa verið leyst eða eru í farvatninu. Tekið skal fram að gera verður allnokkra fyrirvara þar sem kjarnareglurnar eru ekki endanlegar og túlkun og skoðun á einstökum liðum mun kalla á viðamiklar formlegar úttektir sem enn eru óframkvæmdar.

Ábyrgðarsvið seðlabanka vegna kjarnareglanna

- A. Seðlabanki ætti að skilgreina á skýran hátt eigin markmið varðandi greiðslukerfi og birta opinberlega upplýsingar um hlutverk sitt og helstu stefnumið með tilliti til mikilvægra greiðslukerfa.
- B. Seðlabanki ætti að tryggja að kerfi sem hann starfrækir starfi í samræmi við kjarnareglurnar.
- C. Seðlabanki ætti að hafa tilsjón með því hvernig greiðslukerfi sem hann starfrækir ekki fara eftir kjarnareglum og ætti að hafa yfir að ráða nauðsynlegu valdi til að framfylgja þeirri tilsjón.
- D. Seðlabanki ætti að hafa samstarf við aðra seðlabanka og önnur viðeigandi innlend eða erlend yfirvöld við að stuðla að öryggi og hagkvæmni greiðslukerfa á grundvelli kjarnareglanna.

Hér á landi er einungis starfrækt eitt greiðslukerfi og er það nú í umsjón Fjölgreiðslumiðlunar hf. og annast Reiknistofa bankanna rekstur þess. Þetta kerfi er „kerfislega mikilvægt“ og mun því falla undir kjarnareglurnar þegar þær verða settar.

Regla 1: Traustur lagalegur grunnur

Búið er að setja lög hérlendis um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum sem eyða að mestu óvissu um réttarstöðu greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum við gjaldþrot þátttakanda í greiðslukerfinu. Seðlabanki Íslands hefur um alllangt skeið unnið að gerð reglna sem lúta að þeim skilyrðum sem greiðslukerfi þarf að uppfylla til að bankinn geri tillögu til viðskiptaráðherra um að greiðslukerfið verði staðfest af ráðherra um öðlist þar með staðfestingu samkvæmt lögnum. Víst er að sótt verður um að Seðlabankinn tilnefni kerfi Fjölgreiðslumiðlunar hf. til ráðherra. Í reglunum verður kveðið á um kröfur til greiðslukerfa, tryggingar og ábyrgðir fyrir lúkningu uppgjors. Með þessum reglum, reglum sem greiðslukerfi þurfa að setja sér og samningum þátttakenda við greiðslukerfið er talið að búið sé að hnýta lagalegan grundvöll þeim hnútum sem nauðsynlegir eru til að lagalegur grunnur verði talinn traustur. Ávallt verður þó að hafa þann fyrirvara á að á meðan ekki hefur formlega reynt á lög eða reglur

fyrir dómstólum getur hugsanlega leikið vafi á gildi þeirra, sérstaklega þar sem mikið er undir því komið að uppgjör fari fram fljótt til að ekki komi til kerfislægs óróa eða óvissu.

Regla 2: Skilningur á áhættu

Skilningur íslenskra banka á áhættu í greiðslukerfum hefur farið vaxandi á síðustu árum, bæði vegna útgáfustarfsemi og ekki síður vegna beinnar þátttöku þeirra í vinnu sem tengist öryggi greiðslukerfa. Þó er ljóst að betur má gera og þarf Seðlabankinn sennilega að beita sér enn frekar á þessu sviði. Á síðari stigum þyrfti kanna skilning þátttakenda á áhættu með formlegum hætti.

Regla 3: Stýring á áhættu

Til þessa hefur vantað hvata til að aðilar að greiðslukerfum sinntu stýringu á áhættu sem skyldi. Á þessu verður væntanlega breyting með nýjum reglum sem Seðlabankinn setur, því að þar er kveðið á um ábyrgðarsjóð sem myndaður verður með bundnu fé og/eða með veði í verðbréfum. Sú breyting mun þrængja nokkuð valkosti í lausafjárstýringu bankanna og þeir munu sennilega leita allra leiða til að lækka þann kostnað og draga úr því óhagræði sem af þessu hlýst. Í undirbúningi eru einnig breytingar á greiðslujöfnunarkerfi Fjölgreiðslumiðlunar hf. sem munu auðvelda þátttakendum þessa vinnu, t.d. „sýndaruppgjör“ um kl. 16:00 dag hvern. Þar með gefst þeim færi á að meta stöðu sína og grípa tímanlega til aðgerða til að bæta úr ef á þarf að halda. Þegar til lengri tíma er litið mun þetta sennilega skila sér í mun lægri neikvæðri stöðu við uppgjör og það leiðir til lægri trygginga og minni kostnaðar.

Regla 4: Tímanlegt lokauppgjör samdægurs

Um þessar mundir fer lokauppgjör fram að morgni næsta virka dags en fyrirhugað er að breyta þessu og er stefnt að því að sú breyting muni ná fram að ganga eigi síðar en um áramót 2001/2002. Þessi breyting er þó aðeins flóknari en ætla má og ekki er að fullu búið að leysa úr öllum flækjum.

Regla 5: Greiðslujöfnunarkerfi ljúki uppgjör þótt á móti blási

Með reglum sem Seðlabankinn mun setja og

munu leiða til stofnunar ábyrgðarsjóðs vegna uppgjörss ætti þetta ákvæði kjarnareglanna að vera uppfyllt. Í reglunum er einnig kveðið á um sameiginlega ábyrgð á uppgjöri og skiptingu taps ef einn eða fleiri aðilar verða ófærir um greiðslu við lok uppgjörss og ætti það ákvæði að uppfylla kröfur þessarar greinar.

Regla 6: Kröfur á seðlabanka

Uppgjör greiðslukerfa héraendis fer fram í Seðlabanka Íslands með „seðlabankafé“, þannig að ljóst er að þetta skilyrði er uppfyllt.

Regla 7: Öryggi

Reiknistofa bankanna hefur komið sér upp „seli“ sem er varasetur með fullkomnum búnaði til að taka við vinnslu ef aðalsetur bregst. Þetta ásamt miklum kröfum um gæði, öryggi og frágang gera það að verkum að sennilegt er að greiðslukerfi Fjölgreiðslumiðlunar hf. uppfylli þær kröfur sem settar eru fram í þessari reglu.

Regla 8: Hagnýtt og hagkvæmt

Þótt erfitt geti verið að meta það hversu hagnýtt og hagkvæmt greiðslukerfi er má ætla að kerfi Fjölgreiðslumiðlunar hf. uppfylli þetta skilyrði. Gerður hefur verið samanburður á kostnaði banka á þjónustu greiðslukerfa og kemur kerfið nokkuð vel út úr þeim samanburði. Það getur einnig verið mælikvarði á hagkvæmni kerfisins að þeir þátttakendur sem hér eru á markaði hafa ekki séð ástæðu til að taka í notkun tilbúin erlend kerfi sem til boða standa. Nákvæmra athugana er þó þörf áður en óhætt er að fullyrða mikið um þetta mál.

Regla 9: Jafnræði

Með stofnun Fjölgreiðslumiðlunar hf. var opnað fyrir aðgang annarra innlánsstofnana að greiðslukerfinu, hvort sem er þjónustu þess eða beinni aðild að félaginu. Þetta er í samræmi við þá þróun sem orðið hefur að undanförmu erlendis og við þær kröfur sem Seðlabankinn mun gera í reglum sínum.

Regla 10: Eðlilegir stjórnunarhættir

Vegna þess hve hagsmunir aðila eru tengdir greiðslukerfi Fjölgreiðslumiðlunar hf. er líklegt að þeir kappkosti að stjórnunarhættir séu eðlilegir og viðeigandi. Hugsanlegt er þó að gera þurfi formlegar kröfur um slíkt, t.d. opinbera birtingu ársreikninga, birtingu á helstu ákvörðunum og umfjöllun um álitafni sem kunna að snúa að öryggi greiðslukerfisins eða hagsmunum almennings.

Ábyrgðarsvið Seðlabankans

Seðlabanki Íslands mun þurfa að gera formlega úttekt á kerfislega mikilvægum greiðslukerfum og því hvort þau uppfylla kröfur kjarnareglanna. Á þessari stundu er óljóst hversu viðamikil slík úttekt kann að verða en ekki er ósennilegt að leitað verði fyrirmynda erlendis þegar að þessu verki kemur. Þegar slíkri úttekt er lokið þarf hugsanlega að endurskoða reglur og veita aðlögunartíma að þeim.

Seðlabankinn þarf einnig að móta formlega stefnu sína í málum er varða greiðslukerfi og setja sér markmið þar að lútandi. Vætanlega mun einnig verða leitað fyrirmynda erlendis í þessu efni og hugsanlegt er að breyta þurfi lögum til að Seðlabankinn geti sinnt því hlutverki sem fellur undir ábyrgðarsvið hans.

Lokaorð

Kjarnareglurnar, eins og þær líta nú út, eru jákvæðar og munu vafalítið styðja vel að þeirri vinnu sem fram mun fara á næstu árum á sviði greiðslukerfa. Lagðar eru grundvallarreglur sem taka tillit til stærðar og hagkvæmni án þess þó að gert sé upp á milli þeirra kosta sem bjóðast í mismunandi útfærslum á greiðslukerfum.

Heimildir

Core Principles for Systemically Important Payment Systems, part I & II. BIS, 2000.